

Mánudaginn 13. febr. 1928.

Nr. 81/1927. **Eigandi Höllustaða** (B. P. Kalman)
 gegn
 eigendum Reykhóla (Enginn).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu var vísað frá hæstarjetti 30. mars 1927, af því að hjeraðsdóminum, er gekk í því að Berúfirði í Barðastrandarsýslu 30. ágúst 1924, hafði verið of seint áfrýjað. En nú hefir málinu, eftir gildistöku laga nr. 40/1927, verið áfrýjað af nýju með stefnu, útgefinni 26. sept. f. á., samkvæmt áfrýjunarleyfi, dags. 29. ágúst s. á.

Eins og segir í ofanrituðum hæstarjettardómi var málið rekið og dæmt í aukarjetti, þó að það væri ótvírætt landamerkjамál, enda sýnd viðleitni til að fara þannig með það að öðru leyti. Þykir því ekki þurfa að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ex officio fyrir þá sök eina, að málið er talið rekið og dæmt í aukarjetti.

Áfrýjandi, sem fengið hefir gjafsókn 31. des. f. á. og sjer skipaðan málflutningsmann, hefir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, að merkjadómur Barðastrandarsýslu verði skyldaður til að taka málið upp til löglegrar dómsálagningar og að hinn stefndi eigandi eða eigendur Reykhóla verði dæmdir til að greiða sjer málskostnað bæði í hjeraði og hæstarjetti. Áfrýjandi byggir ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína á því, að dómurinn sje bygður á skjali, landamerkjaskrá Reykhóla, dags. 16. febr. 1884, sem aldrei hafi verið lagt fram í hjeraði og ekki fylgi dómsgerðunum, en þó sjerstaklega á því, að dómurinn bæti inn í landamerkjaskrána atriði, sem hvorugur aðilja

hafi orðað og hafi að öðru leyti enga stoð í skjölum málsins, sem sje ítaksrjetti handa Höllustöðum í hinu umbráttaða landi, Heyárdal, austan Heyár, sem áfrýjandi eignar Höllustöðum en gagnaðili í hjeraði eignaði Reykhólum. Kveður dómurinn svo á, að ítakið skuli »miða við dýrleika nefndra jarða eftir nýjasta mati að því er snertir slægjur í dalnum, eða í hlutfallinu 1—4, en að öðru leyti miðað við ítölu búfjár ef ágreiningur rís«.

Hefir áfrýjandi stefnt Þórey Pálsdóttur fyrir hæstarjett sem eiganda Reykhóla en Þórði Bjarnasyni sem umboðsmanni jarðarinnar og með honum, sem er gjaldþrota, skiftaráðandanum í búi hans, en ekkert hinna stefndu hefir mætt eða látið mæta. Hefir málið því verið rekið skriflega.

Auk atriða þeirra, sem áfrýjandi heldur fram sem ástæðum fyrir ómerking dómsins, eru margir og miklir brestir á meðferð málsins í hjeraði. Þannig sátu meðdómsmenn ekki þriðja þinghald í málinu. Og áreið, sem virðist hafa verið nauðsynleg eða a. m. k. æskileg vegna þess að uppdrætti og landamerkjálýsingum aðilja ber ekki saman, fór engin fram.

En sjerstaklega er það mikill brestur á meðferð málsins, að sýslumaður hefir eigi að eins enga stefnu útgefið í málinu eða aðvarað aðilja á annan hátt um fyrirtekt málsins, heldur ljet hann sjer nægja, að skipa fyrirvaralaust ábúanda Reykhóla í fyrsta þinghaldinu, er enginn sótti af hendi Reykhóla og áfrýjandi einn af hálfu Höllustaða, »fyrir hönd stefnda til að gæta rjettar hans«, þ. e. eigenda Reykhóla, enda þó að þar færu fram jafn mikilvægar athafnir sem kröfuframsetning, sáttaumleitun, kvaðning dómsmanna og lög-mælt ruðning úr dómi. Hafði áfrýjandi, sem samkvæmt málsskjölunum ekki er vist um að hafi átt nema $\frac{2}{3}$

Höllustaða, þó ekkert umboð til að koma fram af hendi eiganda þriðjungs jarðarinnar og samkv. veðbókarvottorði sýslumanns fyrir Reykhólum má vel vera að fleiri hafi átt nefnda jörð en stefndu hjer fyrir rjettinum, sem telja má að síðar hafi mætt undir rekstri málsins í hjeraði og þannig fyrir sitt leyti fallið frá stefnu. Er þetta, að sameiganda áfrýjanda var ekki gefinn kostur á að gæta rjettar síns og að rjettargæslumanni eiganda Reykhóla var hvorki stefnt, samkvæmt 2. mgr. 12. gr. landamerkjagaganna nje honum að öðru leyti gefið ráðrúm til að bera málið undir þá, er hann skyldi koma fram fyrir, slíkur megingalli á meðferð málsins í hjeraði, að ómerkja verður ex officio alla málsmeðferðina frá upphafi og leggja fyrir merkjadóm að taka málið til löglegrar meðferðar af nýju.

Að svo vöxnu máli þykir rjett að málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. En skipuðum málflutningsmanni áfrýjanda, sem haldið hefir óaðfinnanlega á málstað hans, ber að greiða málflutningskaup úr rikissjóði, og þykir það hæfilega ákveðið 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í hjeraði eiga að vera ómerk og vísast málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar.

Málskostnaður í hæstarjetti og hjeraði fellur niður.

Skipuðum málflutningsmanni áfrýjanda, hæstarjettarmálflutningsmanni Birni P. Kalman ber 100 kr. málflutningskaup úr rikissjóði.